

6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Seyðisfjarðarkaupstað í kosningum þeim sem fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 135

ÁRSREIKNINGUR

Verðbréfafélags Íslands 1989.

Rekstursyfirlit 14. mars – 31. desember 1989.

	Tekjur:	Kr.
Árgjöld		103 500
Sölugjöld		477 690
	<u>Tekjur alls</u>	<u>581 190</u>

	Gjöld:	
Laun og launatengd gjöld		69 010
Ýmis rekstrargjöld		13 171
Vaxtagjöld		249 384
Afskriftir		396 800
	<u>Gjöld alls</u>	<u>728 365</u>
	<u>Gjöld umfram tekjur</u>	<u>147 175</u>

Efnahagsyfirlit pr. 31. desember 1989.

	Eignir:	
Innstæða í Seðlabankanum		101 400
Vélbúnaður		685 650
Hugbúnaður		1 739 025
Inneign hjá þingaðilum		183 893
	<u>Eignir alls</u>	<u>2 709 968</u>

	Skuldir og eigið fé:	
Skuldabréfalán		1 600 000
Höfuðstóll:		
Stofnframlög	1 257 143	
Tap á árinu	-147 175	1 109 968
	<u>Skuldir og eigið fé alls</u>	<u>2 709 968</u>

Áritun endurskoðenda:

Ársreikning þennan fyrir Verðbréfafabing Íslands höfum við endurskoðað. Í því sambandi gerðum við þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag Verðbréfafabingsins í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur.

Reykjavík, 21. febrúar 1990.

Jónína Kristjánsdóttir.

Gunnlaugur Arnórsson.

Áritun stjórnar:

Reykjavík, 21. febrúar 1990.

Eiríkur Guðnason.

Gunnar Óskarsson.

Árni Vilhjálmsson.

Vilborg Lofts.

Pétur H. Blöndal.

19. mars 1990

Nr. 136

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Húsnæðisfélag SEM, samtök endurhæfðra mænuskaddaðra.

Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra (skammstafað SEM) setja hér með á fót sjálfseignarstofnun sem heitir Húsnæðisfélag SEM. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. SEM ber enga fjárhagslega ábyrgð á sjálfseignarstofnuninni nema með stofnfé hennar. Samkvæmt framangreindu er stofnun þessari sett eftirfarandi:

SKIPULAGSSKRÁ

1. gr.

Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra leggja fram sem stofnfé húsnæðisfélags SEM rúmar 9 mkr. ásamt vinnuloforðum og húshlutum að áætluðu verðmæti 5 mkr.

2. gr.

Langtímamarkmið stofnunarinnar eru eftirfarandi:

a) Að byggja og reka félagslegt íbúðarhúsnæði sem taki tillit til sérþarfa hreyfihamlaðra, handa (1) félögum SEM, (2) öðrum þverlömuðum.

b) Að safna, taka við og ráðstafa fé til byggingar og reksturs félagslegra íbúða, sameignar íbúðarhúsa, nauðsynlegrar aðstoðar við íbúana eða annarrar skyldrar þjónustustarfsemi.

c) Markmiðum þessum hyggst stofnunin ná með því að koma upp og reka félagslegar kaupleiguíbúðir.

3. gr.

Þeir einir koma til greina við úthlutun íbúða á vegum stofnunarinnar sem uppfylla skilyrði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um rétt til kaupa á félagslegri íbúð. Þeir sem fá úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð á vegum stofnunarinnar skulu geta valið eftirfarandi:

a) Leigu með kauprétti.

b) Leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð.

c) Kaup á íbúð á kostnaðarverði.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um úthlutun skal senda Húsnæðisstofnun lista yfir nöfn og heimilisföng þeirra er fengið hafa úthlutað.